



Hörgársveit.

Ása Dóra Finnbogadóttir

Þelamerkurskóla

601 AKUREYRI

Garðabær, 7. janúar 2026

Málsnúmer: 202512-0035

IAS

Efni: Hraun í Öxnadal. Deiliskipulagstillaga.

Vísað er til erindis Hörgársveitar frá 17. desember 2025 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Hraun Öxnadal.

Skipulagssvæðið nær yfir um 1,15 ha svæði í landi Hrauns í Öxnadal. Svæðið afmarkast af Öxnadalsá í austri og bæjarhólnum og hans nánasta umhverfi að öðru leyti.

Ekkert deiliskipulag er til fyrir Hraun og nærumhverfi bæjarins en talin er þörf á deiliskipulagi fyrir svæðið vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar. Markmið með deiliskipulaginu er að skapa grundvöll fyrir uppbyggingu sem felst m.a. í gerð gestastofu á svæðinu með aðstöðu fyrir fræðslu eða safn ásamt því að bæta aðstæður, aðkomu, bílastæði og göngustíga á þessum merka og sögufræga stað.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér deiliskipulagstillöguna og gerir ekki athugasemdir á þessu stigi málsins.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

jarðfræðingur